



## BSc í tölvunarfræði

### Úttektarform og skýrslur Notendaleiðbeiningar



Arnar Ólafsson  
Kristófer Ernir Stefánsson  
Sveinn Arnar Stefánsson  
**Júní 2020**

# Efnisyfirlit


<b>1. Inngangur</b>	<b>3</b>
<b>2. Aðalskjámynd og innskráningarferli</b>	<b>3</b>
<b>3. Ný skýrsla gerð.</b>	<b>8</b>
<b>4. Gömul skýrsla skoðuð.</b>	<b>21</b>
<b>5. Skjal prentað á pdf formi.</b>	<b>29</b>

# 1. Inngangur

Tilgangur þessarar handbókar er að útskýra og einfalda notkun kerfisins. Bæði fyrir tæknimönnum sem nota það á vettvangi og einnig fyrir viðskiptavinum Securitas sem vilja skoða úttektir á kerfum sínum.

## 2. Aðalskjámynd og innskráningarferli

Þegar notandi fyrst kemur inn á vefslóð þá sem hýsir síðuna þá sér hann aðalvalmynd sem sýnd er hér að neðan




**Innskráning viðskiptavina**

Notendanafn

Lykilorð


**Innskrá**

**Innskráning Starfsmanna**

 Sign in with Microsoft

Innskráningarsíða notenda.

Hér getur notandi skráð sig inn annað hvort sem viðskiptavinur eða sem starfsmaður. Til þess að geta skráð sig inn sem viðskiptavinur þá þarf hann fyrst að hafa sótt um aðgang hjá Securitas, síðan skráir hann sig inn og verður sendur inn á yfirlitssíðu úttekta sem verður lýst seinna í þessu skjali. Ef hann velur að skrá sig inn sem starfsmaður þá er hann sendur áfram á innskráningarsíðu starfsmanna og sést hún hér að neðan.



#### Auðkenningarsíða Microsoft

Innskráning fer svo fram eins og hér segir:

1. Notandi velur sér reikning eins og t.d. þann sem sést á myndinni.
2. Næst skráir hann sig inn með eigin lykilorði.



← sveinn.hr@securitas.is

## Enter password

Password

[Forgot my password](#)

Sign in

Gætið þess að engin sjái til þegar lykilorð er slegið inn

### Auðkenningarsíða Microsoft

3. Ef notandi skráir sig inn með réttum hætti er hann áframsendur á aðalsíðu og er þá innskráður sem starfsmaður. Ef innskráning gengur ekki upp fær hann villumeldingu og fær ekki aðgang. Þegar viðkomandi er rétt auðkenndur mun hann sjá aðalvalmyndina:

# Skýrslugerð

Vinsamlegast veljið númer þjónustubeiðni hér að neðan til að fá viðeigandi eyðublað.



## Upphafssíða skýrslugerðar

4. Nú er notandi skráður inn og getur hafist handa við notkun síðunnar. Ef viðkomandi velur hamborgaramerkið (e. *Hamburger Icon*) niðri í hægra horni fær hann aðgang að fleiri valmöguleikum.

# Skýrslugerð

Vinsamlegast veljið númer þjónustubeiðni hér að neðan til að fá viðeigandi eyðublað.



[Heim](#)

[Skoða skýrslur](#)

[Nýr viðskiptavinur](#)

[Útskrá](#)

Þú ert skráður inn sem HR - Sveinn

Upphafssíða skýrslugerðar með siglingarglugga opinn

### 3. Ný skýrsla gerð.

Ef notandi ákveður að gera nýja skýrslu þarf hann að slá inn númer þjónustubeiðninnar svo kerfið geti sótt viðeigandi upplýsingar frá vefþjónustu Securitas.



# Skýrslugerð

Vinsamlegast veljið númer þjónustubeiðni hér að neðan til að fá viðeigandi eyðublað.



Upphafssíða skýrslugerðar

Þá birtist fyrsta síða skýrslugerðar. Þar má finna lista með öllum þeim tegundum búnaðar sem tæknimaður þarf að prófa. Hann getur breytt fjölda prófaðra eintaka eða fjölda lagfærðra eintaka eins og ástæða er til hverju sinni. Þannig er gefið til kynna hversu mörg eintök voru í lagi og hversu mörg þarf að lagfæra.

Tegund	Búnaður	Fjöldi	Prófað	Lagfæra
Plen 1w nozzle	AN-419347	11	11	0
3.0 Ga. Mech. ANSUL AUTOMAN	AN-429853	1	1	0
3,0 Gallon Tank Assembly	AN-429862	1	1	0
Handræsir úr plasti	AN-434618	1	1	0
R102 double tank	AN-73022	2	2	0
280°F, bræðivar	AN-415744	6	6	0

Staðfesta



### Yfirlit búnað í skýrslugerð

Þegar tæknimaður hefur lokið yfirferð búnaða velur hann “Staðfesta” og færist þá yfir á næstu síðu. Hér mun starfsmaður meta hvort kerfið uppfyllir þau ákvæði sem eiga


við. Ef ákvæði stenst ekki skoðun fyllir hann út dæmingu (getur verið á bilinu 1-3) en valmöguleikar hennar koma aðeins í ljós þegar hakað er við “Nei” undir möguleikanum “Í lagi”. Á myndinni hér að neðan hefur verið hakað við “Nei” og í framhaldi er dæming valin fyrir hið tiltekna ákvæði.

Skoðunaratriði	Í lagi (Já/Nei)	Dæming	Ákvæði
Þrýstihylki viktað ( vikmörk 14,2 gr) eða mæla drifgas [AN-R102-VIII-11]	<input type="radio"/> <input checked="" type="radio"/>	1 ▾ 1	MS 6.048-C.
Boðsendin inn á brunakerfi	<input checked="" type="radio"/> <input type="radio"/>	2 3	MS 6.048-F.
Handbók af kerfinu á staðnum	<input checked="" type="radio"/> <input type="radio"/>		MS 6.048
Meginhlutar kerfisins hafa ekki verið færðir úr stað s.s. stútar og stj. búnaður	<input checked="" type="radio"/> <input type="radio"/>		MS 6.048-A
Aðgengi að handboða óhindrað	<input checked="" type="radio"/> <input type="radio"/>		MS 6.048-B
Innsigli eru órofin	<input checked="" type="radio"/> <input type="radio"/>		MS 6.048-C
Staða þrýstimæla er innan vikmarka	<input checked="" type="radio"/> <input type="radio"/>		MS 6.048-D
Varnarhlífar úðara, skipta um þær sem eru eldri en eins ás [AN-R102-VIII-13]	<input checked="" type="radio"/> <input type="radio"/>		MS 6.048-E
Afhleypi lögn lekaprófuð	<input checked="" type="radio"/> <input type="radio"/>		AN- R102- VIII-5



Yfirlit ákvæða í skýrslugerð

Næst er valið “Staðfesta” en stundum þarf að skrúna (e. *Scroll*) niður fyrir listann svo “Staðfesta” takinn sjáist. Þá færast notandi áfram yfir á næstu síðu þar sem hann getur valið að bæta athugasemdum við skýrsluna eins og sést á næstu mynd.



The screenshot shows a mobile application interface with a light gray background. At the top, the title "Athugasemdir" is centered in a dark gray font. Below the title is a large, empty white rectangular input field. Underneath the input field are two buttons: "Fleiri athugasemdir" on the left and "Staðfesta" on the right. At the bottom of the screen is a red footer bar. On the left side of the footer bar is the Securitas logo, which consists of three red circles above the word "SECURITAS". On the right side of the footer bar is a white square button containing three horizontal lines, representing a menu icon.

Athugasemdir skýrslugerðar

Á þessari síðu skrifar starfsmaður þær athugasemdir sem hann vill koma á framfæri. Einnig getur hann bætt við innsláttargluggum (e. *textarea*) ef hann er með fleiri en eina athugasemd.

Sama á við um ábendingar.

# Ábendingar

Fleiri ábendingar

Staðfesta



Ábendingar skýrslugerðar

Því næst má slá inn niðurstöðu. Þá býðst eitt textabox þar sem aðeins ein lokaniðurstaða er fyrir hverja skýrslu.



# Niðurstaða

Staðfesta



Niðurstaða skýrslugerðar



Þegar niðurstaða hefur verið staðfest má færa inn spennumælingar eins og sést á eftirfarandi mynd.

### Netspenna

### Rásarspenna

### Rafh.sp.m/álagi

### Rafhl.sp. án/álags



Spennumælingar skýrslugerðar

Þegar starfsmaður velur “Staðfesta” er skýrslugerð lokið. Kerfið birtir staðfestingu þess efnis að skýrsla hafi verið móttækin. Notandi getur svo smelt á “Aftur á forsíðu” ef hann vill byrja uppá nýtt, en einnig er alltaf hægt að fá fleiri möguleika með því að smella á “hamborgarann” eins og áður kom fram.

# Skýrsla móttekin!

[Aftur á forsíðu](#)



Lokasíða skýrslugerðar

## 4. Gömul skýrsla skoðuð.

Með því að velja “Skoða skýrslur” fær starfsmaður aðgang að gömlum skýrslum.

# Skýrslugerð

Vinsamlegast veljið númer þjónustubeiðni hér að neðan til að fá viðeigandi eyðublað.



Heim

Skoða skýrslur

Nýr viðskiptavinur

Útskrá

Þú ert skráður inn sem HR - Sveinn

Upphafssíða skýrslugerðar með siglingarglugga opinn

Þá sést yfirlitssíða úttekta þar sem velja má úr úttektum eins og kemur fram á næstu mynd.

## Yfirlitssíða úttekta

Leita eftir skýrslu

Endurstilla

Leita

### Heimavörn Vöktun

Fyrir Sighvatur Sigfússon - Túnhvammur 3

Unnin af HR - Sveinn þann 13.05.2020



### Brunaviðvörðunarkerfi

Fyrir Reitir þjónusta ehf - Ármúli 31

Unnin af HR - Sveinn þann 13.05.2020



### Slökkvikerfi Eldhúskerfi R-102

Fyrir Flugleiðahótel ehf - Nauthólsvegur 52



Yfirlitssíða úttekta

Hér er bæði hægt að velja að prenta skýrslu á pdf formi (en sú aðgerð verður útskýrð síðar) og einnig má velja að skoða skýrslu í kerfinu. Við hverja skýrslu má sjá litla ör í hægra horni, með því að smella á örina má velja að skoða skýrsluna. Þá kemur upp fyrsta skjámynd skýrslunnar en hún sýnir athugasemdir, ábendingar og niðurstöðu.



# Síða 1

Eftirfarandi eru athugasemdir úttektaraðila

- Staða þrýstimæla er ekki innan vikmarka.

Eftirfarandi eru ábendingar úttektaraðila

- Lagfæra þarf þrýstimæla.

Eftirfarandi er niðurstaða úttektaraðila

- Þrýstimælar ekki í lagi, að öðru leyti er allt eins og á að vera.

Aftur á yfirlitssíðu

Áfram





Fyrsta síða skýrsluskoðunar

Notanda býðst að bakka aftur á yfirlitssíðu ef hann kýs svo, einnig getur hann haldið áfram á næstu síðu með því að smella á viðeigandi takka "Áfram".

Á næstu síðu má svo sjá yfirferð búnaðar, fjölda búnaðar af hverri tegund, hversu mörg eintök voru prófuð og hversu mörg þarf að lagfæra.

Yfirferð búnaðar				
Tegund	Búnaður	Fjöldi	Prófað	Lagfært
AN-419347	Plen 1w nozzle	11	11	0
AN-415744	280°F, bræðivar	6	6	0
AN-73022	R102 double tank	2	2	0
AN-434618	Handræsir úr plasti	1	1	0
AN-429862	3,0 Gallon Tank Assembly	1	1	0
AN-429853	3.0 Ga. Mech. ANSUL AUTOMAN	1	1	0

[Til baka](#) [Áfram](#)

Búnaðaryfirlit skýrsluskoðunar

Á sama hátt og áður má ýmist bakka eða halda áfram á næstu síðu þar sem yfirferð ákvæða kemur fram:

Yfirferð ákvæða			
Ákvæði	Skoðunaratriði	Í lagi	Dæming
MS 6.048- C.	Þrýstihylki viktað ( vikmörk 14,2 gr) eða mæla drifgas [AN-R102-VIII-11]	1	0
SEC- UT-SL- 02	Stútar hreinsaðir	1	0
SEC- UT-SL- 02	Stútar stillti með laser	1	0
SEC- UT-SL- 02	Skærin þriffin	1	0
MS 6.048-8	Virkt eftirlit eiganda	1	0
AN- R102- VIII-24	Stálvir og langaleið fyrir hann yfirfarinn	1	0
AN- R102- VIII-15	Fjarlægið læsingarjárníð og prófið virkni með því að nota handboða.	1	0





Ákvæðisyfirlit skýrsluskoðunar

Síðan er skrunað niður og t.d. valið "Áfram" og sjást þá spennumælingar:

## Spennumælingar

Netspenna	Rásarspenna	Rafhl.sp m/ álagi	Rafhl.sp án álags
100	200	100	150

[Til baka](#)      [Aftur á yfirlitssíðu](#)



Spennumælingayfirlit skýrsluskoðunar

Einnig er hægt að bakka aftur um eina síðu. Þar sem þetta er síðasta síðan er einnig möguleiki á að fara aftur á upprunalegu yfirlitssíðuna þar sem velja má úr ólíkum skýrslum til að skoða.

## 5. Skjal prentað á pdf formi.

Á yfirlitssíðu úttekta sem sést hér að neðan má sjá að neðst til vinstri á hverju spjaldi er lítil mynd þar sem stafirnir “pdf” koma fyrir. Með því að velja þessa mynd þá opnast nýr flipi í vafra og þar má sjá hvernig skýrslan myndi líta út á pdf formi, síðan mætti þaðan prenta skjalið út sem pdf.

## Yfirlitssíða úttekta

Leita eftir skýrslu

Endurstilla

Leita

### Heimavörn Vöktun

Fyrir Sighvatur Sigfússon - Túnhvammur 3

Unnin af HR - Sveinn þann 13.05.2020



### Brunaviðvörðunarkerfi

Fyrir Reitir þjónusta ehf - Ármúli 31

Unnin af HR - Sveinn þann 13.05.2020



### Slökkvikerfi Eldhúskerfi R-102

Fyrir Flugleiðahótel ehf - Nauthólsvegur 52



Yfirlitssíða úttekta

Dæmi um pdf skjal skoðað í nýjum flípa:

**SECURITAS hf**

Head Office / Postal Address: Skólavíkur  
150 Reykjavík  
Iceland  
Fax: +354 588 7000  
E-mail: [info@securitas.com](mailto:info@securitas.com)  
Telephone: +354 588 2000  
Mobile: +354 890 2000

**Úttektin**

15.5.2020 var gerð úttekt á Síðkværfi Ekhúskerfi R-102, Naufólsvægr 52

**FRAMKVÆMD ÚTTEKTARINNAR**

Víð úttekt á bórnátt að þessu tagi gilda verklaugsreglur Tæknisviðs Securitas. Þessar reglur tryggja samræmi vinnubrögð úttektaraðila.

Staðfesting viðskiptavinar á konu teknamunn: 'INSERT NAME OF CONTACTPERSON FROM MODEL'

Tæknimáttur sem framkvæmd úttektina var: **HR - Sveinn**

**ATHUGASEMDIR ÚTTEKTARINNAR****Athugasemdir**

Staða þrýstímæla er ekki innan virkmarks.

**ÁBENDINGAR ÚTTEKTARINNAR****Ábendingar**

Lagfæra þarf þrýstímæla.

**NIDURSTADA**

Kerfið var allt yfirfarið og bótsendingar til stjórntólvar prófaðar.

Þrýstímælar ekki í lagi, að öðru leyti er allt eins og á að vera.

Beint er á athugasemdir og ábendingar varðandi kerfið hér á undan.

Endilega hafðu samband hafr þú einhverjar spurningar. Þjónustuverið okkar er opið alla virka daga frá klukkan 8-17. Símanúmerið er 580-7100 eða sendu okkur tölvupóst á netfangið:

[bjornusta@securitas.com](mailto:bjornusta@securitas.com)



PDF útgáfa skýrslu skoðuð í glugga